ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SEPTEMBER 2025

Kindurnar koma heim. Mynd: kip

BOLLALEGGINGAR GESTAPENNANS

VEL ER MÆTT TIL VINAFUNDAR, EÐA HVAÐ?

Hjördís Sigríður Albertsdóttir
sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Það er ekki að ástæðulausu að ömmur og afar eru oftar en ekki uppáhalds fólk yngstu kynslóðarinnar. Ömmur og afar búa yfir hlýju og skilningi sem foreldrana skortir oft, óþrjótandi þolinmæði og natni við að leiðbeina smáfólki hvort sem er við föndur, prjón, píanóspil eða kartöfluuppskeru, takast á við spurningaflóð sem oftar en ekki væri metið ósvaranlegt eða hlusta á litla munna stauta sig fram úr Á-s-u s-e-m s-á s-ó-l um leið og hár foreldranna hefur þynnst óeðlilega mikið við sömu aðstæður.

Aldrei þreytast amma og afi heldur á því að segja skemmtilegar sögur frá þeirra eigin æskuárum eða fyndnar sögur af mömmu eða pabba þegar þau voru lítil. Sögur sem fá litla kolla til að sjá fyrir sér og langa til að hverfa aftur til tíma risaeðlanna, þegar amma og afi voru lítil. Þau búa yfir visku og fróðleik sem fáir þeim yngri geta státað af.

Amma og afi eru líka undirstaða þess samfélags sem við búum í í dag. Með dyggri aðstoð frá frænkum og frændum, plægðu amma og afi akrana, ræktuðu landið, byggðu upp innviðina, ólu upp og fræddu yngri kynslóðir og komu á hefðum og gildum sem við fylgjum enn þann dag í dag.

Samt sem áður gleymist okkar (h)elsta kynslóð allt of oft í amstri dagsins. Okkur hættir til að líta á eldri borgara sem byrði á heilbrigðiskerfi og samfélag í stað þess að líta á þann mannauð sem býr í okkar lífsreyndasta og fróðasta fólki sem lifað hefur tímana tvenna. Fólki sem mótað hefur menningararfinn sem eimir af í dag en fer dvínandi með hverri kveðjustund.

Í Þingeyjarsveit búum við yfir menningarverðmætum sem tekið er eftir og haft er orð á. Lítum við ekki til þeirra sem okkur eldri eru munu þau verðmæti á endanum glatast. Skaði þess er ómældur og glatist þau er fátt eftir sem gefur samfélaginu raunverulegt gildi eða gerir það eftirsóknarvert til búsetu.

Hefjum upp fjórraddaðan fjöldasöng áður en hann deyr út, sögur af fræknum Þingeyingum sem virðast eiga níu líf, aldagamalt handverk sem senn líður undir lok ef ekkert er að gert og samstöðumátt sem á sér hvergi hliðstæðu (sé litið til ríflega hálfrar aldar þingeyskra hryðjuverka), svo fáeitt sé nefnt.

Til að okkar yngri kynslóðir hafi möguleika á að kynnast og njóta okkar sérstæða menningararfs þurfum við á fyrirmyndunum að halda sem við svo sannarlega eigum hér í okkar einstaka samfélagi, ennþá.

Hlúum að gamla fólkinu okkar. Virðum og sýnum þakklæti. Heimsækjum, spjöllum og hlæjum. Hlustum á sögur, lærum af reynslunni og hvetjum og aðstoðum til þátttöku í daglegu lífi. Stöndum saman!

Þannig styrkjum við tengsl kynslóða, fræðum þau sem yngri eru og varðveitum okkar dýrmætu arfleifð.

Knútur Emil Jónasson, Gerður Sigtryggsdóttir, Arnór Benónýsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir og Haraldur Bóasson

AF VETTVANGI SVEITARSTJÓRNAR

Þegar Þingeyjarsveit fer í haustbúning og regla kemst á fólk og búfénað eftir lausagöngu sumarsins þá færist að sama skapi aukinn þungi í vinnu sveitarstjórnar og nefnda hennar. Þar er í forgrunni fjárhagsáætlun sveitarfélagsins þar sem sveitarstjórn mótar stefnu komandi árs. Einnig er rétt er að benda á að tillaga að nýju Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er komin í kynningu og boðaðir hafa verið kynningarfundir í lok október.

Á síðasta sveitarstjórnarfundi, þann 25.september sl. urðu nokkrar breytingar á hlutverkum. Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir hefur lokið störfum sem sveitarstjóri og við færum henni þakkir fyrir hennar störf. Við starfi sveitarstjóra út kjörtímabilið tekur Gerður Sigtryggsdóttir, sem lætur af störfum sem oddviti sveitarstjórnar. Sveitarstjórn þakkar Gerði afar gott samstarf í sveitarstjórninni hingað til og hlakkar til áframhaldandi samvinnu í nýju hlutverki. Samhliða þessu urðu þær breytingar í sveitarstjórn að Knútur Emil Jónasson var kjörinn oddviti og Jóna Björg Hlöðversdóttir varaoddviti.

Sveitarstjórn er samhent og hefur einsett sér að ná góðum endaspretti á síðustu mánuðunum. Við eigum spennandi tíma fram undan þar sem við leggjum lokahönd á verkefni kjörtímabilsins og undirbúum jarðveginn fyrir þau sem taka við eftir kosningar. Við getum verið stolt af okkar öfluga samfélagi og erum spennt yfir þeim tækifærum sem í svæðinu og íbúum þess búa.

Við hlökkum til að vinna áfram með ykkur öllum að því að gera Þingeyjarsveit að enn betri stað til að búa á.

Bréf frá Stórutjarnaskóla:

WE - VIÐ - MEIE

framhald á næstu síðu

Í vor fengum við, nemendur í elstu bekkjum Stórutjarnaskóla og Sigríður Árdal og Marika Alavere, styrk úr Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins til að vinna að alþjóðlegu ungmennaverkefni sem ber nafnið „We – Við – Meie“.

Markmið verkefnisins var að efla samskipti, samvinnu og sjálfstraust þátttakenda. Kynnast ólíkri menningu og skoða og kynnast náttúrunni og vekja okkur til umhugsunar af hverju við þurfum að hugsa um náttúruna.

Verkefnavinnan fór fram í byrjun september og fengum við góða gesti frá Eistlandi til okkar í eina viku. Þetta var framhaldsverkefni af „Eye-Ég-Mina“ verkefninu en fyrir ári síðan fór íslenski hópurinn til Eistlands þar sem það verkefni var unnið. Hópurinn samanstóð af 20 ungmennum frá þessum tveimur löndum, ásamt kennurum þeirra.

Viðburðarrík heimsókn

Vikan var spennandi, meðal annars var farið í hvalaskoðun, heimsóknir í sveitina, fórum í fjós, fjárhús og hesthús. Eistnesku gestirnir höfðu aldrei upplifað smölun né réttir og það var mjög skemmtilegt.

Til að kynnast náttúrunni fórum við meðal annars í dagsferðir, við vorum heilan dag við Mývatn og þar í nágrenninu þar sem við lærðum um náttúruna. Veðrið var ekki alltaf gott, en við þurftum að harka af okkur og vera úti í öllum veðrum sem var boðið uppá þessa vikuna, sól, roki og rigningu. Við áttum góða heimsókn í gestastofuna Gíg, löbbuðum um Dimmuborgir, fórum upp að Dettifossi og Víti, skoðuðum Reykjahlíðarkirkju fórum í Námaskarð sem var gríðarleg upplifun fyrir marga og lyktin þótti ekki góð. Enduðum svo í Jarðböðunum sem var algjörlega frábært.

Við heimsóttum Laufás og skoðuðum safnið þar, auk þess sem Sigga bauð okkur heim til sín og sýndi okkur íslenskan þjóðbúning. Við kíktum í Þorgeirskirkju, fórum í heimsókn til björgunarsveitarinnar Þingey og löbbuðum uppá Níphólstjörn.

Á kvöldin var mismunandi dagskrá meðal annars var kósý kvöld við arineld, við kynntum þeim fyrir íslenskri sundlaugarmenningu, við héldum menningarviðburð þar sem við buðum uppá íslenskan mat og þau eistneskan. Við fengum námskeið í kleinugerð þar sem við lærðum öll að snúa og steikja kleinur, einnig var boðið uppá tónheilun með náttúruhljóðum og gongspili eitt kvöldið.

Dagskráin var því ansi fjölbreytt en fyrir utan þetta allt saman tókum við þátt í miklu hópefli sem Sigga og Marika skipulögðu, við þurftum líka að vinna úr upplifun okkar og lærdómi, við lærðum þjóðdansa, töluðum ensku allan tímann og spiluðum mjög mikið blak. Mjög mikið blak.

Framhald:
Bréf frá Stórutjarnaskóla:

WE - VIÐ - MEIE

Vikan og verkefnavinnan lauk með opnu húsi í Stórutjarnaskóla, það var góð mæting af fólki úr nærsamfélaginu okkar og við erum þakklát fyrir það. Á opna viðburðinum vorum við með stutta kynningu á „We-Við-Meie“ verkefninu, Það var í boði að smakka eistneskan mat, auk þess sem við buðum uppá hjónabandssælu og kleinur sem við höfðum steikt saman í vikunni.

Í verkefninu æfðum við okkur í ensku, samskiptum og samvinnu. Við lærðum að meta og virða mismunandi menningu og urðum meðvitaðri um umhverfið okkar og náttúruna, lærðum betur að vinna í hóp og taka þátt í skipulagningu og framkvæmd viðburða. Við eignuðumst nýja vini og styrktum eldri vináttu, þurftum að fara út fyrir þægindarammann, taka frumkvæði og tjá skoðanir okkar og tilfinningar.

Þetta var algjörlega frábær vika og við öðluðumst meira sjálfstraust og dýrmæta reynslu sem mun nýtast okkur áfram í námi og lífi. Við söknum vina okkar frá Eistlandi og vonum innilega að við getum hitt þau aftur.

Kær kveðja,

Erasmus+ hópurinn

DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

16. september 2025

Allir dagar eru reyndar dagar íslenskrar náttúru í Þingeyjarsveit, enda náttúruperlur hvert sem auga er litið.



myndir: kip

VILT ÞÚ HAFA ÁHRIF Á MÓTUN AÐALSKIPULAGS SVEITARFÉLAGSINS?

TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2024-2044 ER KOMIN Í SKIPULAGSGÁTT.

Íbúafundir:

22. október
Skjólbrekka kl. 16:00
Ýdalir kl. 19:30

23. október
Stóru-Tjarnir kl. 16:00

Meðal þess sem farið verður yfir:

- Kynning á tilgangi aðalskipulagsins.
- Aðdraganda skipulagsgerðar og vinnuferli.
- Kynning á markmiðum og efni aðalskipulagssins og hvar hægt er að nálgast gögn þess.
- Kynning á því hvernig íbúar og hagsmunaaðilar geta komið fram athugasemdum.
- Yfirferð á tímaramma aðalskipulagsins.

MEIRI UPPLÝSINGAR



Hægt er að kynna sér og/eða gera athugasemdir við tillöguna að aðalskipulagi í Skipulagsgátt stjórnvalda til 4. nóvember nk.

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar

ÞINGEYJARSVEIT ÓSKAR EFTIR STYRKUMSÓKNUM

ERT ÞÚ MEÐ HUGMYND?

STYRKIR VEGNA ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á heimasíðu Þingeyjarsveitar, smella hér.

Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast í síðasta lagi 9. október n.k.

STYRKIR VEGNA LISTA- OG MENNINGARSTARFS

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber styrkþegum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á heimasíðu Þingeyjarsveitar, smellið hér.

Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast í síðasta lagi 9. október n.k.

Úthlutunarreglur sjóðsins má sjá hér.

Ath. minnum styrkþega 2024 á að skila inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár í viðhengi.

Félagsstarf 60 ára og eldri
Þingeyjarsveit

Stórutjarnaskóli - Þingeyjarskóli
Opin hús verða á þriðjudögum eins og verið hefur
til skiptis í Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla.

September og október 2025
16. september - Stórutjarnaskóli
23. september - Þingeyjarskóli
30. september - Stórutjarnaskóli
7. október - Þingeyjarskóli
14. október - Stórutjarnaskóli
21. október - Þingeyjarskóli
28. október - Stórutjarnaskóli

Hádegismatur er eftirfarandi og ath breyttan tíma í Stórutjarnaskóla
kl. 12:45 í Stórutjarnaskóla (464 3222)
kl. 13:00 í Þingeyjarskóla (464 3583)

Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi
á mánudeginum fyrir samverustund.

Hádegismatur kostar 853 kr. á mann
og verður innheimtur með greiðsluseðli á u.þ.b. 3 mánaða fresti.

Boccia hefst kl. 11:45 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar.

Minnum á facebook síðu okkar sem heitir
,,Félagsstarf 60+ í Þingeyjarsveit"
en þar setjum við inn ýmsar upplýsingar.

Bestu kveðjur,
Hanna Magga (863 3381) - Svana (898 0463)

80-100% STAÐA LEIKSKÓLAKENNARA

Í BARNABORG, ÞINGEYJARSKÓLA Í AÐALDAL
ER LAUS TIL UMSÓKNAR.

Þingeyjarsveit

UMSÓKNARFRESTUR: 10. NÓVEMBER

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans undir stjórn yfirmanns
- Vinna í nánu samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við yfirmann
- Sinna verkefnum er varða uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Leikskólakennaramenntun, uppeldismenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Virðing fyrir börnum og sjálfsprottnum leik þeirra
- Færni í samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Stundvísi og samviskusemi
- Starfsreynsla í leikskóla er mikill kostur

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í janúar 2026.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Gerð er krafa um hreint sakavottorð og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf í janúar 2026. Ef enginn kennaramenntaður einstaklingur sækir um verða aðrar umsóknir skoðaðar.

Frekari upplýsingar gefur leikskólastjóri, Nanna Marteinsdóttir í síma 464-3590/ 898-0790 eða í gegnum tölvupóstfangið nanna@thingeyjarskoli.is. Umsóknir skulu sendast á tölvupóstfang leikskólastjóra nanna@thingeyjarskoli.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá, afrit af leyfisbréfi ef við á, kynningarbréf og upplýsingar um meðmælendur.

Ertu með hugmynd að verkefni?

Opið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð til 22. október.
Nánari upplýsingar inn á www.ssne.is

Atvinnulíf | Blómlegar byggðir | Menning | Persónuleg ráðgjöf

SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja við verkefni sem falla að Sóknaráætlun Norðurlands eystra í þremur flokkum, atvinnulífs, blómlegra byggða og stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar.

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) annast umsýslu sjóðsins í landshlutanum og er auglýst einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki.

Næsti umsóknarfrestur er frá 17. september til 22. október kl.12:00.

Meiri upplýsingar á vef SSNE er hægt að nálgast HÉR.

Haustmyndir úr Mývatnssveit



FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

OKTÓBER

9. Sveitarstjórn
13. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
14. Íþrótta- og tómstundanefnd
15. Skipulagsnefnd
16. Fræðslu- og velferðarnefnd
23. Sveitarstjórn

Smelltu HÉR til að lesa síðustu fundargerðir.
Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-Hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í október:

Gerður Sigtryggsdóttir
Sveitarstjóri
hefur viðveru samkvæmt samkomulagi í október

Margrét Hólm Valsdóttir
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs
föstudagana 10. október og 17. október

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs
Alla þriðjudaga. Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi
Alla þriðjudaga. Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins HÉR og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 2. árg. 8. tbl.
Ritstj. og ábyrgðamaður: Gerður Sigtryggsdóttir sveitarstjóri
Umsjón: Mývatnsstofa - Rakel Hinriksdóttir

Þingey, Þingeyjarsveit
Sími: 512 1800
Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is